



Laugalandi 20. nóvember 2012

Ágætu foreldrar og forráðamenn nemenda í Þelamerkurskóla,

að gefnu tilefni vil ég hnykkja á nokkrum atriðum varðandi net- og símanotkun nemenda bæði utan og innan skólans.

Facebook

Í lauslegri könnun meðal nemenda kom í ljós að nokkur hluti þeirra sem ekki eru orðnir 13 ára eiga síðu á Facebook. Eins og ykkur er kunnugt þá er það eitt af skilyrðum þess að eiga slíka síðu að eigandi hennar sé orðinn 13 ára gamall.

Það er ekki að ástæðulausu sem aldurstakmark er sett á Facebook. Facebook er samskiptamiðill þar sem margir eru á ferðinni og ekki allir í jákvæðum og uppbyggilegum tilgangi. Þess vegna vil ég koma þeim tilmælum til foreldra sem vita af því að börn þeirra undir 13 ára aldri eiga slíka síðu, að þeir fylgist með síðum barnanna og samskiptunum sem þar fara fram. Það er alfarið á ábyrgð foreldra ef þeir hleypa börnum sínum inn á Facebook áður en þau hafa til þess aldur og þroska. Ég mæli alls ekki með því að börnum sé hleypt fyrir aldur fram inn á Facebook.

Í Þelamerkurskóla höfum við sett okkur þá reglu að kennarar og starfsmenn séu ekki vinir nemenda sinna á Facebook og alls ekki þeirra barna sem ekki hafa aldur til þess að vera þar. Hér er ekki átt við sérstakar síður sem kennarar hafi búið til með nemendum sem orðnir eru 13 ára.


Að ferðast nafnlaust á netinu

Ég hef áður varað við samskiptasíðu á netinu sem gengur undir nafninu *formspring me*. Þangað er hægt að komast með því að slá inn <http://formspring.me/>. Þar er hægt að stofna eigin aðgang og síðu og eiga í samskiptum við þá sem rata inn á síðuna. Inn á þessa síðu er hægt að komast nafnlaust og koma sér þannig fyrir að ekki sé hægt að rekja athugasemdir og sendingar til sendanda þeirra. Hver og einn getur hins vegar lokað fyrir það á eigin svæði að þangað komist einhver, annað hvort nafnlaust eða undir dulnefni. Einnig er hægt að stjórna því hvað maður vill birta á eigin síðu og hverju svarað er af þeim sendingum sem manni berast inn á þessa síðu.

Það er töluvert um það að börn og ungmenni fái niðrandi athugasemdir og meiðandi skilaboð inn á formspring-síður sínar. Kennarar hafa rætt þetta við nemendur sína og sagt þeim frá hættunni sem felst í því að hafa síður af þessu tagi opnar öllum og óvarðar. Ég hef beðið kennara skólans um að kenna nemendum okkar að læsa *formspringsíðum* sínum fyrir ókunnugum.

Símafyrirtækin hafa lokað fyrir það á heimasíðum sínum að hægt sé að senda nafnlaus sms. Nú hafa sprottið upp síður þar sem það er hægt og ekki fullljóst á þeim öllum hvort hægt er að rekja sms-in til IP-talna sendanda eða símakorts hans. Ég bið foreldra um að ræða það við börnin að á slíkum síðum gilda sömu samskiptareglur og á öðrum síðum; maður gefur upp nafn sitt, er kurteis og vingjarnlegur.

Snú!



Símanotkun í skólanum

Skólareglurnar Þelamerkurskóla eru gamlar og bera þess merki. Þær gera t.d. ekki ráð fyrir nýjustu tegundum af símunum þar sem hægt er að geyma tónlist og taka myndir og að þeir séu nánast eins og tölvur og geti nýst í fleira en að tala í þá. Kennarar hafa stundum leyft nemendum að hlusta á tónlist úr símunum í tímum og einnig hafa símarnir verið notaðir til að leita upplýsinga á netinu, t.d. að nýta sér orðabækur. Ekki eru gerðar athugasemdir við þá notkun.

Í skólareglunum er skýrt kveðið á um að notkun farsíma er ekki leyfð á skólatíma. Hér er átt við símtöl og sms sendingar. Einnig er hér átt við netnotkun í símanum og notkun myndavélar símans.

Í skólareglunum segir einnig að ef nemandi verði staðinn að því að nota símann á skólatíma er síminn tekinn af nemandanum. Nemandi getur síðan sótt hann á skrifstofu skólastjóra fyrir heimferð þann dag. Ef nemandi er aftur staðinn að því að nota símann á skólatíma verða foreldrar að sækja símann á skrifstofu skólastjóra.

Þar segir einnig að skólareglurnar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Samstíga

Það er markmið okkar allra að samskipti þeirra sem starfa í Þelamerkurskóla, bæði barna og fullorðinna, einkennist af virðingu og samkennd. Fullorðna fólkið í umhverfi barnanna er þar til að leiðbeina þeim og styðja. Ef við náum að verða samstíga í því verkefni vita nemendur að þeir geta treyst umhverfi sínu, bæði þegar vel gengur og einnig þegar eitthvað bjátar á. Þannig byggjum við upp öruggt umhverfi fyrir börnin okkar til að vaxa upp í. Þess vegna bið ég foreldra nemenda Þelamerkurskóla um að fylgjast með því sem börn þeirra gera á netinu og einnig að ræða um farsímanotkun barnanna í skólanum.

Ef þið hafið einhverjar spurningar, þurfið leiðbeiningar eða þurfið að koma einhverju á framfæri varðandi innihald þessa bréfs er ykkur velkomið að leita til okkar í skólanum.

Með bestu kveðju úr Þelamerkurskóla,

Ingileif Ástvaldsdóttir
skólastjóri